

Fiskræktarsjóður

Ársreikningur 2009

Fiskræktarsjóður
Dalshrauni 1
220 Hafnarfirði
kt. 670373-0109

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla stjórnenda og staðfesting ársreiknings	3
Áritun endurskoðenda	4
Rekstrarreikningur	5
Efnahagsreikningur	6
Sjóðstreymi	7
Skýringar	8


Skýrsla stjórnenda og staðfesting ársreiknings

Fiskræktarsjóður starfar samkvæmt lögum nr. 72/2008 um Fiskræktarsjóð. Meginhlutverk sjóðsins er að veita lán eða styrki m.a. til að efla fiskrækt, bæta veiðiaðstöðu og styðja við rannsóknir í ám og vötnum og auka verðmæti veiði úr þeim. Fiskræktarsjóður lýtur fimm manna stjórn sem sjávarúvegs- og landbúnaðarráðherra skipar til fjögurra ára í senn.

Á árinu 2009 varð 19,5 m.kr. tekjuafgangur af rekstri sjóðsins. Samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir sjóðsins 380,7 m.kr, skuldir 3,0 m.kr. og eigið fé nam 377,7 m.kr. í árslok 2009. Í árslok 2009 var óbókaður og ógreiddur 2,5 m.kr. styrkur sem samþykktur var að uppfylltum ákveðnum skilyrðum.

Formaður Fiskræktarsjóðs staðfestir ársreikning Fiskræktarsjóðs fyrir árið 2009 með undirritun sinni.


Hafnarfirði, apríl 2010




Jóhanna E. Pálmadóttir,
Formaður Fiskræktarsjóðs.




Ráfn Benediktsson.



Guðmundur Stefán Mariasson.



Óðinn Sigbórsson.



Jón Kjartan Jónsson.

Áritun endurskoðenda

Til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Fiskræktarsjóðs fyrir árið 2009. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnenda, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fjárreiður ríkisins. Samkvæmt því ber þeim að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings þannig að hann sé í meginatriðum án verulegra annmarka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og mati miðað við aðstæður.

Ábyrgð endurskoðenda

Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju og ákvæði laga um Ríkisendurskoðun. Samkvæmt því ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg vissa fáiast um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.


Endurskoðunin felur í sér aðgerðir til að staðfesta fjárhæðir og aðrar upplýsingar í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri áhættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér mat á þeim reikningsskila- og matsaðferðum sem gilda um A-hluta stofnanir og stjórnendur nota við gerð ársreikningsins og framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina hafi verið aflað nægjanlegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu Fiskræktarsjóðs á árinu 2009, efnahag hans 31. desember 2009 og breytingu á handbæru fé á árinu 2009, í samræmi við lög um ársreikninga og fjárreiður ríkisins.

Ríkisendurskoðun, 13. apríl 2010.



Sveinn Arason,
ríkisendurskoðandi.

Rekstrarreikningur árið 2009

	Skýr.	2009	2008
Tekjur			
Markaðar tekjur.....	1	<u>13.506.059</u>	<u>28.252.445</u>
		<u>13.506.059</u>	<u>28.252.445</u>
Gjöld			
Styrkir.....	2	24.175.000	20.093.120
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður.....	3	2.483.307	2.245.429
Launagjöld.....	4	341.965	158.582
Funda- og ferðakostnaður.....	5	481.311	37.500
		<u>27.481.583</u>	<u>22.534.631</u>
Tekjuafgangur (-halli) án fjármagnsliða.....		(13.975.524)	5.717.814
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld).....	6	<u>33.465.366</u>	<u>7.979.301</u>
Tekjuafgangur fyrir ríkisframlag		19.489.842	13.697.115
Ríkisframlag.....		<u>0</u>	<u>305.600.000</u>
Tekjuafgangur ársins		<u><u>19.489.842</u></u>	<u><u>319.297.115</u></u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2009

Eignir	Skýr.	2009	2008
Fastafjármunir			
Langtímakröfur.....	7	0	500.000
Veltufjármunir			
Skammtímakröfur.....	8	0	778.941
Handbært fé.....	9	380.695.074	361.066.291
		<u>380.695.074</u>	<u>361.845.232</u>
Eignir alls		<u>380.695.074</u>	<u>362.345.232</u>
 Eigið fé og skuldir			
Eigið fé			
Höfuðstóll í ársbyrjun		358.229.541	38.932.426
Tekjuafgangur ársins		19.489.842	319.297.115
Eigið fé	12	<u>377.719.383</u>	<u>358.229.541</u>
 Skuldir			
Skammtímaskuldir			
Ríkissjóður.....	11	130.891	130.891
Aðrar skammtímaskuldir.....	10	2.844.800	3.984.800
Skuldir		<u>2.975.691</u>	<u>4.115.691</u>
Eigið fé og skuldir		<u>380.695.074</u>	<u>362.345.232</u>

Sjóðstreymi árið 2009

	Skýr.	2009	2008
Rekstrarhreyfingar			
<i>Veltufé frá rekstri:</i>			
Tekjuafgangur ársins.....		19.489.842	319.297.115
Veltufé frá rekstri		<u>19.489.842</u>	<u>319.297.115</u>
 <i>Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:</i>			
Skammtímakröfur, lækkun.....		778.941	11.390.647
Viðskiptaskuldir, (lækkun) / hækkun.....		(1.140.000)	1.112.500
		<u>(361.059)</u>	<u>12.503.147</u>
Handbært fé frá rekstri		19.128.783	331.800.262
 Fjárfestingahreyfingar			
Afborganir af veittum lánum.....		500.000	500.000
Fjárfestingahreyfingar alls		<u>500.000</u>	<u>500.000</u>
 Fjármögnunarhreyfingar			
<i>Breyting á stöðu við ríkissjóð:</i>			
Framlag ríkissjóðs.....		0	(305.600.000)
Greitt úr ríkissjóði.....		0	305.600.000
Fjármögnunarhreyfingar		<u>0</u>	<u>0</u>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé.....		19.628.783	332.300.262
Handbært fé í ársbyrjun.....		<u>361.066.291</u>	<u>28.766.029</u>
Handbært fé í lok ársins		<u>380.695.074</u>	<u>361.066.291</u>

Skýringar

Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskila o.fl.

Ársreikningur Fiskræktarsjóðs er gerður í samræmi við lög um fjárreiður ríkisins, nr. 88/1997, lög um ársreikninga, nr. 3/2006 og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga, nr. 696/1996.

Samkvæmt fjárreiðulögunum eiga A-hluta ríkisstofnanir ekki að eignfæra varanlega rekstrarfjármuni heldur skulu þeir gjaldfærðir á kaupári. Stofnanirnar eiga almennt ekki að taka lán til langs tíma og mega ekki gangast undir skuldbindingar til lengri tíma nema með heimild í fjárlögum.

Skattar

Fiskræktarsjóður greiðir ekki tekjuskatt.

Skráning tekna

Tekjur sjóðsins eru bókaðar við greiðslu.

Skráning gjalda

Gjöld eru almennt bókuð þegar reikningar berast sjóðnum. Í lok ársins eru áfallin gjöld, er tilheyra viðkomandi rekstrarári, færð á rekstrarreikning og sem ógreidd gjöld í árslok.

Handbært fé

Handbært fé samanstendur af bankainnstæðum.

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til gengismunar og áfallinna vaxta þar sem við á.

Langtímakröfur

Langtímakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til áfallinna verðbóta og vaxta þar sem við á.

Bókhald og fjárvarsla

Fiskistofa annast launavinnslu, bókhalds- og greiðsluþjónustu fyrir sjóðinn.

Fjárheimildir og rekstur

Fiskræktarsjóður fékk enga fjárveitingu á fjárlögum ársins 2009 í samræmi við ákvæði laga um Fiskræktarsjóð, nr. 72/2008 sem tóku gildi 1. janúar 2009. Sjóðurinn hefur markaðar tekjur sem eiga að standa undir rekstri sjóðsins.

Skýringar

Sundurliðanir

1. Markaðar tekjur

Markaðar tekjur Fiskræktarsjóðs lækkuðu um 14.746 þús. kr. á árinu 2009 eða um 52,2%, en með lögum nr. 72/2008 um Fiskræktarsjóð voru greiðslur vatnsaflsstöðva til sjóðsins felldar niður og skýrir það lækkun tekna milli ára. Gjald af veiðitekjum veiðifélaga lækkaði um 1.820 þús. kr. frá árinu áður, eða um 11.9%

	2009	2008
Gjald af hreinum veiðitekjum, 2%.....	13.506.059	15.326.468
Gjald af óskýrum tekjum vatnsaflsstöðva, 3%.....	0	12.925.977
	<u>13.506.059</u>	<u>28.252.445</u>

2. Styrkir

Úthlutaðir styrkir Fiskræktarsjóðs námu 24.175 þús. kr. á árinu 2009, sem er 4.082 þús. kr. hærrí fjárhæð en árið áður. Eftirtaldir 22 aðilar fengu greidda styrki úr Fiskræktarsjóði á árunum 2009 og 2008:

1 Veiðimálastofnun.....	12.550.000	2.000.000
2 Jorge H Fernáendes Toledano.....	2.000.000	1.500.000
3 Nils Zimsen.....	1.500.000	0
4 Veiðifélagið Laxmenn.....	1.500.000	0
5 Veiðiþjónustan Strengir.....	1.500.000	0
6 Laxfiskar ehf.....	1.400.000	0
7 Veiðifélag Gljúfurár.....	1.400.000	300.000
8 Veiðifélag Laxár í Aðaldal.....	1.325.000	1.500.000
9 Veiðifélag Lagarfljóts.....	300.000	0
10 Einar Falur Ingólfsson.....	200.000	0
1 Stangveiðifélag Hafnarfjarðar.....	200.000	0
2 Stóru-Laxárdeild Veiðifélags Árnassýslu.....	200.000	0
3 Stangveiðifélag Reykjavíkur.....	100.000	800.000
4 Tungulax ehf.....	0	5.425.000
5 Veiðifélag Selár.....	0	3.460.000
6 Matis ofn., Prókaria ehf.....	0	2.000.000
7 Veiðifélag Eyjafjarðará.....	0	1.500.000
8 Laxfiskar ehf.....	0	500.000
9 Veiðifélag Búðardalsár.....	0	388.120
10 Heiðarlax ehf.....	0	300.000
1 Tungufljót ehf.....	0	300.000
2 Veiðifélag Laxár og Krakár.....	0	120.000
	<u>24.175.000</u>	<u>20.093.120</u>

Skýringar

3. Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður

Fiskistofa annast bókhalds- og greiðsluþjónustu fyrir sjóðinn ásamt því að sjá um innheimtu á tekjum sjóðsins, skv. þjónustusamningi. Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður hækkaði um 238 þús. kr. eða 10,6% frá fyrra ári.

	2009	2008
Bókhalds- og greiðsluþjónusta.....	1.800.000	2.120.000
Lögfræðingar.....	465.900	
Auglýsingar, prentun, póstur o.fl.....	217.407	125.429
	<u>2.483.307</u>	<u>2.245.429</u>

4. Launagjöld

Launagjöld hækkuðu um 183 þús. kr. sem var rífleg tvöföldun frá árinu áður. Launagjöld eru þóknun til stjórnarmanna Fiskræktarsjóðs, en sjóðnum var skipuð 5 manna stjórn í upphafi árs 2009. Árið 2008 var sjóðnum stýrt af Veiðmálanefnd sem í sátu 3 aðilar.

Stjórnarlaun.....	294.624	133.472
Launatengd gjöld.....	47.341	25.110
	<u>341.965</u>	<u>158.582</u>

5. Funda- og ferðakostnaður

Funda- og ferðakostnaður nam 481 þús. kr. og hækkaði um 444 þús. kr. frá árinu áður. Ferða- og aksturskostnaður er vegna stjórnarmanna sem búsettir eru utan höfuðborgarsvæðisins. Hækkun kostnaðar milli ára skýrist af fjölgun stjórnarmanna milli ára.

Ferðakostnaður innanlands.....	93.375	0
Akstur	387.936	37.500
	<u>481.311</u>	<u>37.500</u>

6. Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)

Fjármunatekjur.....	37.721.401	8.860.869
Vextir af langtímakröfum.....	81.796	0
Dráttarvaxtatekjur.....	25.915	0
Fjármagnstekjuskattur.....	(4.363.746)	(881.568)
	<u>33.465.366</u>	<u>7.979.301</u>

Skýringar

7. Langtímakröfur

Fiskræktarsjóður veitti eitt lán á árinu 2006 sem greitt var upp á árinu 2008.

8. Skammtímakröfur

	2009	2008
Ríkisaðilar.....	0	646.641
Virðisaukaskattur.....	0	132.300
	<u>0</u>	<u>778.941</u>

9. Handbært fé

Eigið fé sjóðsins er ávaxtað samkvæmt samningi við tvo fjárvörsluaðla. Fé til ráðstöfunar er geymt á tékkareikningum.

Tékkareikningar.....	34.968.544	1.111.164
Ávöxtunarreikningar.....	345.726.530	359.955.127
	<u>380.695.074</u>	<u>361.066.291</u>

10. Skammtímaskuldir

Skammtímaskuldir í árslok eru vegna ógreidds styrks til einstaklings og endurgreiðslu virðisaukaskatts, sem var tvígreidd árið 2009.

Þóknun.....		672.300
Ógreiddir styrkir.....	2.712.500	3.312.500
Virðisaukaskattur.....	132.300	0
	<u>2.844.800</u>	<u>3.984.800</u>

11. Staða við ríkissjóð

Í efnahagsreikningi er gerð sérstök grein fyrir greiðslustöðu sjóðsins gagnvart ríkissjóði. Þannig er skuld eða inneign færð um viðskiptareikning ríkissjóðs í reikningsskilum sjóðsins. Í árslok 2009 nam skuld Fiskræktarsjóðs við ríkissjóð 131 þús. kr. og hafði hun ekkert breyst á árinu.

Skýringar

12. Eigið fé

Í árslok 2009 nam eigið fé sjóðsins 377.719 þús. kr. og hækkaði það um 19.490 þús.kr. frá árinu á undan eða sem nemur tekjuafgangi ársins.

Höfuðstóll 1. janúar 2009.....	358.229.541
Tekjuafgangur (-halli) ársins.....	19.489.842
Höfuðstóll 31. desember 2009	<u>377.719.383</u>

Fimm ára yfirlit í þúsundum króna á verðlagi hvers árs:

	2009	2008	2007	2006	2005
Rekstur					
Markaðar tekjur.....	13.506	28.252	26.236	22.710	19.900
Fjármunatekjur.....	33.465	7.979	3.033	4.238	3.442
Gjöld.....	(27.482)	(22.534)	(34.135)	(30.347)	(26.838)
Tekjuafgangur	19.489	13.697	(4.866)	(3.399)	(3.496)
Ríkisframlag.....	0	305.600	0	0	0
Tekjuafgangur (-halli) ársins	<u>19.489</u>	<u>319.297</u>	<u>(4.866)</u>	<u>(3.399)</u>	<u>(3.496)</u>
Efnahagur					
Fastafjármunir.....	0	500	1.000	0	0
Veltufjármunir	380.695	361.845	40.935	45.274	48.317
Eignir alls	<u>380.695</u>	<u>362.345</u>	<u>41.935</u>	<u>45.274</u>	<u>48.317</u>
Höfuðstóll					
Höfuðstóll.....	377.719	358.230	38.932	43.799	48.186
Skammtímaskuldir	2.976	4.115	3.003	1.475	131
Eigið fé og kuldir alls	<u>380.695</u>	<u>362.345</u>	<u>41.935</u>	<u>45.274</u>	<u>48.317</u>